



# REGLUR ÍSÍ UM KEPPNISFERÐIR

---

## 1. grein

Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómarar skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skylt að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði, þegar aðalfararstjóri ákveður.

## 2. grein

Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfararstjóri, sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfararstjóri hafi hann verið valinn.

## 3. grein

Flokksstjórar koma næstir aðalfararstjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfararstjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu.

## 4. grein

Aðalfararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum.

## 5. grein

Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að álitum aðalfararstjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og síðar, ef þurfa þykir, til dómsstóls ÍSÍ. Öðrum þátttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra álitum óviðeigandi framferði aðalfararstjóra, aðstoðarfararstjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

## 6. grein

Aðalfararstjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu.

## 7. grein

Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ.

## 8. grein

Óskert skal heimild þess aðila, sem að förlinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfararstjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. september 2003.**

